



Borgarráð

Minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 9. nóvember 2023 var leitað umsagnar KFUM og KFUK og Listasafns Reykjavíkur um hvort taka eigi minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson, sem er á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu, af stalli í ljósi ásakana sem fram hafa komið um að hann hafi beitt drengi kynferðislegu áreiti eða ofbeldi. Umsagnirnar liggja fyrir og hníga í sömu átt. Lagt er til við borgarráð að samþykkja að verkið verði tekið niður og því fundinn staður í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur. Þá verði umhverfis- og skipulagssviði falið að koma með tillögur að frágangi svæðisins í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

Greinargerð:

Á sínum tíma safnaði KFUM og KFUK fyrir minnisverki um séra Friðrik Friðriksson (1868–1961) og gaf Reykjavíkurborg hana. Minnismerkið var reist árið 1955 að tilstuðlan gamalla nemenda sr. Friðriks. Samið var við yfirvöld, ríki og borg, um staðsetningu. Einn af fremstu myndhöggvurum þjóðarinnar, Sigurjón Ólafsson (1908-1982), var fenginn til verksins og var það fullunnið og steipt í brons í Kaupmannahöfn.

Fyrir liggja umsagnir KFUM og KFUK og Listasafns Reykjavíkur um hvort fjarlægja eigi minnismerkið um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs í ljósi ásakana sem fram hafa komið um að sr. Friðrik hafi beitt drengi kynferðislegu áreiti eða ofbeldi.

Samkvæmt samþykktum um Listasafn Reykjavíkur frá 2013 þá hefur safnið umsjón með listaverkageign Reykjavíkurborgar, þar með talið myndverkum á almannafæri. Í umsögn Listasafns Reykjavíkur segir m.a. að hér sé á ferðinni ein áhugaverðasta standmynd Sigurjóns þar sem dregnar eru upp andstæður ellinnar og æskunnar. Uppbygging verksins birtir mynd af einstaklingi sem á að baki langa ævi og gefur líkamsstillingin til kynna dvínandi þrótt en drengurinn stendur teinréttur og horfir til framtíðar. Þá segir einnig að upplifun einstaklinga af listaverkum er mótuð af þeim tíma sem menn lifa og reynsluheimi hvers og eins. Þannig geti listaverk sem eitt sinn var minnisvarði og upphafning orðið að áminningu um það sem miður fer í samfélaginu. Þá segir í umsögn Listasafns Reykjavíkur að fátt bendi til þess að þeir sem líta minningu séra Friðriks jákvæðum augum kjósi að verkið verði að slíku minnismerki auk þess sem fá samfélag reisa sér minnisvarða um eigin skömm.

Í umsögn KFUM og KFUK kemur m.a. fram að allt hafi sinn tíma. Þegar stytur senda önnur skilaboð út í samfélagið en þeim var upphaflega ætlað þá er eðlilegt að borgaryfirvöld skoði að gera breytingar. Þá kemur fram að starf KFUM og KFUK snýst um fólk og velferð þess og



Reykjavíkurborg

valdefla börn og ungmenni og gefa þeim gott veganesti út í lífið og á þeirri mikilvægu vegferð hefur stytta af stofnanda félagsins lítið vægi.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn Listasafns Reykjavíkur um minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs, dags. 16. nóvember 2023

Umsögn KFUM og KFUK um minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs, dags. 16. nóvember 2023



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 16. nóvember 2023

Erindi: Umsögn um tillögu að fjarlægja styttuna af sr. Friðriki

Stjórn KFUM og KFUK hefur borist erindi frá borgarráði Reykjavíkur, þar sem óskað er eftir umsögn við tillögu Kolbrúnar Baldursdóttur borgarfulltrúa, að fjarlægja styttuna af sr. Friðriki sem staðið hefur við Lækjargötu frá árinu 1955.


Styttan er á forræði Reykjavíkurborgar og gerir stjórn KFUM og KFUK enga athugasemd hyggist borgin fjarlægja styttuna.

Allt hefur sinn tíma. Þegar styttur senda önnur skilaboð út í samfélagið en þeim var upphaflega ætlað þá er eðlilegt að borgaryfirvöld skoði að gera breytingar.

Starf KFUM og KFUK snýst um fólk og velferð þess. Hlutverk okkar er að valdefla börn og ungmenni og gefa þeim gott veganesti út í lífið. Á þeirri mikilvægu vegferð hefur stytta af stofnanda félagsins lítið vægi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar KFUM og KFUK

Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is / Sími 896 3199



Reykjavík, 16. nóvember 2023
MSS23110034

Minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs

Umsögn Listasafns Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með listaverkæign Reykjavíkurborgar þar með talið myndverkum á almannafæri. Safnið sinnir viðahaldi listaverka í borgarlandinu í samræmi við fjárheimildir og eftir forgangsröðun sem byggð er á ástandsmati. Safnið hefur jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu um listaverk í eigu borgarinnar og eru upplýsingar um umrætt verk á vef safnsins og í appinu Útilistaverk í Reykjavík.


Safnið og innkaupanefnd þess hafa jafnframt hlutverki að gegna þegar kemur að staðsetningu nýrra listaverka í borgarlandinu en safnstjóri skal gera tillögu til menningar- og íþróttaráðs sem leggur tillögu fyrir borgarráð að fenginni umsögn umhverfis- og skipulagsráðs. Safninu er ætlað að taka afstöðu til listræns gildis verka en við staðarval er hugað að gildi verka fyrir staðinn, á hvern hátt verkið auðgar mannlíf, fegrar eða virkjar vannýtt svæði og skapar spennandi umhverfi.

Sigurjón Ólafsson: Séra Friðrik og drengurinn, 1952

Minnismerki um séra Friðrik Friðriksson (1868–1961) var reist í næsta nágrenni við þáverandi höfuðstöðvar KFUM og K árið 1955. Hvati þess að verkið var sett upp var almennur áhugi gamalla nemenda sr. Friðriks á að reisa honum minnismerki. Efnt var til fjársöfnunar til að standa straum af kostnaði og samið við yfirvöld, ríki og borg, um staðsetningu. Einn af fremstu myndhöggvurum þjóðarinnar, Sigurjón Ólafsson (1908-1982), var fenginn til verksins og var það fullunnið og steipt í brons í Kaupmannahöfn.

Segja má að hér sé á ferðinni ein áhugaverðasta standmynd Sigurjóns þar sem dregnar eru upp andstæður ellinnar og æskunnar. Uppbygging verksins birtir mynd af einstaklingi sem á að baki langa ævi og gefur líkamsstillingin til kynna dvínandi þrótt en drengurinn stendur teinréttur og horfir til framtíðar. Sjálft höfuð sr. Friðriks birtir frábæra mannlýsingu, þar sem allir fletir andlitsins bregðast við birtuskilyrðum.

Í árána rás hafa margir farið lofsamlegum orðum um listaverkið og þá nánd og hlýju sem menn hafa viljað lesa úr því. „Með því að stilla þeim hlið við hlið, prestinum og drengnum, og tengja þá saman með einfaldri skipan handanna, tekst Sigurjóni að gefa til kynna „hvílandi, góðlátan virðuleika“ sr. Friðriks, svo



vitnað sé til orða Björns Th. Björnssonar, og innilegt samband hans við „dreginn, sem eru allir drengir“ (Aðalsteinn Ingólfsson: Sigurjón Ólafsson: Ævi og list, bls. 93).

Í ljósi upplýsinga sem komu fram í nýlegri bók Guðmundar Magnússonar, sagnfræðings og umræðu sem sprottið hefur upp í kjölfarið um að séra Friðrik hafi áreitt drengi kynferðislega hefur lestur og merking verksins breyst. Nú hefur önnur merking verið lögð í myndmál verksins, drengurinn fulltrúi brotaþola og samband Friðriks og hans lesið með öðrum hætti.

Upplifun einstaklinga af listaverkum er mótuð af þeim tíma sem menn lifa og reynsluheimi hvers og eins. Þannig getur listaverk sem eitt sinn var minnisvarði og upphafning orðið að áminningu um það sem miður fer í samfélaginu. Fátt bendir til þess að þeir sem líta minningu séra Friðriks jákvæðum augum kjósi að verkið verði að slíku minnismerki auk þess sem fá samfélög reisa sér minnisvarða um eigin skömm.

Ákveði borgarráð að taka verkið niður verður því fundinn staður í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur. Það er ekki tímafrek framkvæmd að fjarlægja styttuna. Lausleg kostnaðaráætlun eru 2 milljónir króna og er þá reiknað með að bronsverkið verði tekið af stöplinum, flutt í listaverkageymslur safnsins, stöpull brotinn niður og frágangur á svæðinu einfaldur.

Komi til þess að verkið verði tekið niður mun það hafa áhrif á marga, jafnt á þá sem þolað hafa misnotkun og þá sem sækja hluta sinnar lífssýnar til séra Friðriks, er æskilegt að framkvæmdin og eftirmálar hennar fari fram af yfirvegun. Óhjákvæmilegt er að „skuggi“ styttunnar yrði á svæðinu í einhver ár og í ljósi þess ekki aðkallandi að ákveða að annað listaverk verði reist þar.

Kjósi borgarráð að láta verkið standa er ákveðin hættu á að skemmdarverk verði unnin á styttni og þyrfti að gæta sérstaklega að henni og umhverfi hennar.

Þegar hugað er að tilvist og framtíð listaverksins er gott að hafa í huga að hér er á ferðinni afar gott listaverk eftir einn af okkar fremstu listamönnum.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir
Safnstjóri
Listasafn Reykjavíkur